

Alþingi  
Nefndasvið  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1126  
komudagur 25.2.2004



Reykjavík 24. febrúar 2004  
Tilvísun: 04020034/10

## Efni: Umsögn þskj. 605 - 435. mál

Rauði kross Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp um erfðafjárskatt, 435. mál. Félagið vill vekja athygli á að með frumvarpinu er ekki að finna heimild til að undanþiggja líknarfélög erfðafjárskatti eins og er í núgildandi lögum. Í raun er um nýjan skatt að ræða, sem líta má á sem ígildi tekjuskatts á líknarfélög.

Á undanförunum árum hefur sú þróun átt sér stað víða um heim að hvatt hefur verið til þess í skattkerfinu að einstaklingar og fyrirtæki styðji mannúðar- og líknarstarf. Þannig eru gjafir einstaklinga og fyrirtækja til mannúðarstarfsemi víða frádráttarbærar frá skatti. Að baki liggur viðurkenning á hlutverki mannúðarsamtaka í velferðarkerfinu.


Hér á landi vantar tilfinnanlega stefnumótun varðandi hlutverk félagasamtaka í velferðarkerfinu. Slík stefnumótun er þeim mun brýnni á Íslandi en víða annars staðar að félagasamtök hafa hér óvenju miklu hlutverki að gegna. Þannig eru félagasamtök stór hluti af kerfi almannaþinga, gegna lykilhlutverki í heilbrigðismálum og aðstoð við þá sem minna mega sín og hafa síðan fyrir daga lýðveldisins verið frumkvöðlar í mörum þjóðþrifamálum.

Viðurkennt er að félagasamtök geta oft sinnt ýmsum líknar- og mannúðarmálum betur og ódýrur en hið opinbera gæti, meðal annars vegna þess að þau reiða sig gjarnan á grasrótastarf sjálfbóðaliða. Þannig leiddi rannsókn Steinunnar Hrafnadóttur lektors við Háskóla Íslands í ljós að sjálfbóðaliðar Rauða kross Íslands unnu á árinu 2002 að minnsta kosti 66.411 klukkustundir að mannúðarstörfum á vegum félagsins, og náði könnunin þó ekki til allra deilda félagsins.

Með þetta í huga, teldi Rauði krossinn miður að það skref yrði tekið að koma á skatti á gjafir til mannúðarmála þar sem ekki er skattur fyrir. Félagið telur þvert á móti verðugara verkefni að skoða hvernig sé hægt að hvetja almenning til að styrkja mannúðarstarf, bæði í gegnum lög um erfðafjárskatt og með sérstakri lagasetningu, líkt og dæmi eru um í nágrannalöndum okkar.

Rauði kross Íslands er reiðubúinn að skýra sjónarmið sín nánar fyrir Efnahags- og viðskiptanefnd og hvetur nefndina til að kalla önnur mannúðar- og líknarfélög á sinn fund.

Virðingarfyllt,

  
Sigrún Árnadóttir  
framkvæmdastjóri



Hluti af Alheimshreyfingu  
Rauða krossins  
og Rauða hálfmánans

Icelandic Red Cross  
Cruz Roja Islandesa  
Croix-Rouge Islandaise

Efstaleiti 9  
103 Reykjavík  
Iceland

Sími/Tel: (354) 570 4000  
Fax: (354) 570 4010

E-Mail: [central@redcross.is](mailto:central@redcross.is)  
Website: [www.redcross.is](http://www.redcross.is)